



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi : Altaona
Golf

!zona : Costa Cálida

Svefnherbergi : 4

Baðherbergi : 5

Byggingarár : 2023

Sundlaug : Einka

Garður : Já

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Golfvöllur - Náttúra

Bílastæði : Einkabílastæði á
lóð

**Fermetra stærð
eignar :** 202,46 m²

Stærð lóðar : 1000 m²

Stærð verandar : 95,58 m²

Flugvöllur : 15

Strönd : 20

Borg : 15

Golf : 2

✓ Hiti í gólfi

✓ Heimilistæki

✓ Sólarorka

✓ Loftkæling

✓ Þaksvalir

Stórglæsileg einbýlishús á besta stað fyrir golfarann, staðsett alveg við golfvöllinn Altaona golf and Country club, stórskemmtilegum 18 holu golfvelli rétt fyrir utan borgina Murcia.

Húsið sem er 202,46 m² að stærð er einstakt, þar sem svokallað "chillout" svæði er í miðju húsinu þar sem hægt er setjast niður og hlusta á vatnið sem umliggur svæðið og njóta. 4 stór svefnherbergi sem öll eru með sér baðherbergi með hita í gólfum og rúmgóðum fataskápum og þar að auki er eitt gesta baðherbergi á aðalhæð. Mjög gott flæði er á milli stofu, borðstofu og eldhúss þar sem gæða heimilistæki fylgja einnig með.

Á stórrí lóðinni er fallegur garður með glæsileg sundlaug og einkabílastæði innan lóðar.

Í 15 mín fjarlægð við hverfið finnurðu alla þjónustu í Murcia borg. En þar má finna alla þá hluti sem stórar alþjóðlegar evrópskar borgir hafa uppá að bjóða.

Bjóðum uppá mikið úrval einbýlishúsa í þessu hverfi. Hægt að fá eignina sérsníðna eftir óskum kaupanda.

Hafirðu áhuga á að spila golf, þá ertu komin á rétta staðinn, hvort sem þú villt spila heimavöllinn þinn Altaona Golf, eða reyna við aðra velli í nágrenninu, en 8 átján holu vellir eru í innan við 20 mínútna fjarlægð að heiman. Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis um 20 mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Glæsilegt nýtt hús í hverfi í uppbyggingu með mikla framtíðarmöguleika.

Hafðu samband til að fá frekari upplýsingar!